

**Nd.** **203. Frumvarp til laga** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðla-  
banka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „árin 1961 og 1962“ í 4. mgr. 7. gr. komi: árin 1961, 1962 og 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög nr. 28/1962 voru sett, var ráðgert, að lokið yrði fyrir árslok 1962 að semja og setja nýja löggjöf um váttryggingar fiskiskipa, sem yrði til nokkurrar frambúðar.

Þar eð nú þykir sýnt, að þetta muni ekki takast, er óhjákvæmilegt að framlengja um eitt ár það bráðabirgðafyrirkomulag, sem nú ríkir í þessu efni.

Breyting sú, sem frumvarpsgreinin hér að ofan gerir ráð fyrir þarfnast ekki skýringa. Þó skal tekið fram í sambandi við ákvæði 7. gr. laganna i.f., að 62% útflutningsgjalds renna til greiðslu váttryggingariðgjalda, þar til iðgjöld ársins 1963 eru að fullu greidd.